

Föstudaginn 10. júní 1994.

Nr. 251/1994.

Húsfélagið Krummahólum 4

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

Þrotabúi Þorsteins Einarssonar

(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kærumál. Málskostnaðartrygging. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 10. maí 1994, sem barst réttinum 30. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðila gert að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 980.000 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst aðallega staðfestingar hins kærða úrskurðar, en til vara þess, að fjárhæð umkrafinnar tryggingar verði lækkuð verulega. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur höfðað það mál, sem kærumál þetta er sprottið af, til innheimtu kröfu, að fjárhæð 2.350.319 krónur. Hann byggir kröfu sína á því, að sóknaraðili hafi vanefnt verksamning frá 23. júlí 1991, en með honum tók þrotamaður að sér steypuviðgerðir og klæðningu á fasteigninni Krummahólum 4 í Reykjavík. Þú þrotamanns var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 4. október 1993. Samkvæmt fram lagðri kröfulýsingarskrá frá 9. janúar 1994 nema lýstar almennar kröfur 16.706.672,60 krónum, en af þeim hafa verið samþykktar kröfur að fjárhæð 8.653.513,40 krónur. Lýstar og samþykktar kröfur utan skuldaraðar nema 2.244.019 krónum. Forgangskröfum að fjárhæð 303.328 krónum hefur verið lýst, en þær hafa ekki verið samþykktar. Í málinu nýtur ekki upplýsinga um eignir varnaraðila.

Gjaldþrot eitt nægir ekki til þess að fullnægja áskilnaði b-liðar 1. mgr. 133. gr. einkamálalaga. Ákvæði þetta er undantekningarákvæði

og er háð mati hverju sinni. Þótt óvissa sé um verðmæti eigna varnaraðila, er meðal annars til þess að líta, að krafa sóknaraðila um málskostnað, ef til kæmi, nyti forgangs í bú varnaraðila samkvæmt 110. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., en engar forgangskröfur hafa enn verið samþykktar, eins og áður greinir. Sóknaraðili hefur því ekki leitt nægar líkur að því, að varnaraðili sé ófær um greiðslu málskostnaðar.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærúmálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Húsfélagið Krummahólum 4, greiði varnaraðila, þrotabúi Þorsteins Einarssonar, 30.000 krónur í kærúmálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. maí 1994.

Mál þetta var þingfest hinn 12. apríl 1994. Þann dag lagði stefndi fram bókun, merktá dómskjal nr. 32, þar sem þess er krafist, að stefnanda verði gert að leggja fram tryggingu, að fjárhæð kr. 980.000, fyrir greiðslu málskostnaðar fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti, sem hann kynni að verða dæmdur til að greiða, sbr. b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991. Af hálfu stefnanda var kröfunni mótmælt.

Miðvikudaginn 20. apríl 1994 var málið tekið fyrir og lögmönnum aðila gefinn kostur á að rökstyðja kröfur sínar og mótmæli. Í því þinghaldi ítrekaði lögmaður stefnda kröfu sína um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda og lagði fram dskj. nr. 33–35. Kvað hann stefnanda ógjaldfæran og taldi hann ekki myndu geta greitt þann málskostnað, sem hann kynni að verða dæmdur til að greiða. Hins vegar væri eigendum þrotabúsins í lófa lagið að leggja fram fullnægjandi tryggingu. Óskaði hann eftir því að lögmaður stefnanda upplýsti um stöðu búsins, svo að ráða mætti, hvort eignir þess nægðu til greiðslu á forgangskröfum. Til stuðnings kröfu sinni vísaði hann að öðru leyti til dskj. nr. 33–35. Þá kvaðst hann telja málsókn stefnanda tilefnislaus. Lögmaður stefnanda mótmælti kröfunni um málskostnaðartryggingu og gerði þá aðalkröfu að henni yrði hafnað, en til vara gerði hann þá kröfu að fjárhæð tryggingarinnar yrði lækkuð verulega. Kvað hann það ekki ætluð b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 að koma í veg fyrir málshöfðun sem þessa, heldur væri ákvæðinu ætlað að koma í veg fyrir til-

efnislausa málsókn eignalausra aðila. Slíku væri ekki fyrir að fara í þessu máli. Kvaðst hann ekki geta orðið við áskorun lögmanns stefnanda um að upplýsa um stöðu þrotabúsins, þar sem hún væri óljós.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 þarf stefndi að leiða að því líkur að stefnandi sé ófær um greiðslu þess málskostnaðar, sem hann kann að verða dæmdur til að greiða. Þegar liggur fyrir að stefnandi málsins er þrotabú. Verður ekki talið að gjaldþrot aðila eitt veiti tilefni til að heimila málskostnaðartryggingu. Við mat á því, hvort skilyrðum b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 sé fullnægt, verður einnig að líta til tilgangs ákvæðisins. Af greinargerð með 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 verður ráðið að tilgangur b-liðar ákvæðisins hafi einkum verið sá að koma í veg fyrir að stefndi þurfi að taka til varna, þegar fyrir fram er sýnt, að stefnandi muni ekki geta greitt þann málskostnað, sem hann verður fyrirsjáanlega dæmdur til að greiða, svo sem þegar um tilefnislausa eða tilgangslitla málsókn er að ræða.

Ekki er unnt að fallast á að svo sé háttað í máli þessu.

Með vísan til framanritaðs er kröfu stefnda um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda hafnað.

Elín Norðmann, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu stefnda, Húsfélagsins Krummahólum 4, um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnda, þrotabús Þorsteins Einarssonar, er hafnað.
